

Mál nr. 478/2012**M****og****Vátryggingafélag v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (K)**

Skemmdir á bifreið sem ekið var í holu á vegi þann 03.09. 2012. Ágreiningur um bótaskyldu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.10. 2012.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.11. 2012 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M mun hafa ekið bifreið sinni eftir Dalvegi í Kópavogi. Dekkjabúnaður bifreiðarinnar skemmdist er ekið var ofan í holu á veginum. Gerð er grein fyrir skemmdum í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið telur ósannað að starfsmenn K hafi vitað um vegskemmdina og ekki gert ráðstafanir. Orsök tjónsins verði ekki rakin til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi J.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í gögnum málsins.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vegna þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að K (vátryggingartaki) eða starfsmenn hans hafi sýnt vanrækslu er leitt getur til bótaábyrgðar, miðað við takmörkuð gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. desember 2012

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.